

Yfirlýsing frá Bláfugli vegna fréttatilkynninga Félags íslenskra
atvinnuflugmanna (FÍA) um niðurstöðu Félagsdóms.

Í öllum aðalatriðum tapaði FÍA dómsmáli sínu gegn SA og Bláfugli eða kröfum þess vísað frá dómi.

FÍA setti fram fjórar kröfur í málinu:

1. Að viðurkennt yrði að uppsagnir á ellefu starfsmönnum Bláfugls þann 30. desember 2020 væru ólögætar.
2. Að viðurkenndur yrði með dómi réttur starfsmannanna til endurráðningar.
3. Að viðurkennt yrði með dómi að ákvörðun Bláfugls um að taka áður nefnda starfsmenn af vaktskrá og fela sjálfstætt starfandi verktökum að fljúga þeirra í stað, væri brot á lögum.
4. Að Bláfugl yrði dæmt til sektargreiðslu.

Meirihluti Félagsdóm féllst á fyrstu kröfu FÍA, en einn dómari komst að þveröfugri niðurstöðu í séráliti. Bláfugl var **sýknað af lið 3, öðrum kröfum FÍA var vísað frá dómi.**

FÍA hefur hins vegar túlkað niðurstöðu Félagsdóms þannig að 11 meðlimir FÍA skuli ávallt vera í starfi hjá Bláfugli. Þessi túlkun gengur ekki upp enda verða menn ekki dæmdir inn í störf skv. íslensku réttarkerfi.

Í dómi Félagsdóms kemur reyndar skýrt fram að menn verða ekki dæmdir í starf að nýju þótt uppsögn þeirra sé talin ólögætt. Var kröfu FÍA um viðurkenningu á því að þessir starfsmenn „*eigi samkvæmt kjarasamningi aðila rétt á endurráðningu til starfa hjá hinu stefnda félagi.*“ **vísað frá dómi. Aldrei hefur gengið dómur á Íslandi um að starfsmaður skuli endurráðinn í starf.** Fjallar Félagsdómur sérstaklega um þetta atriði í niðurstöðu sinni.

Ekki er hægt að skilja það öðruvísi en svo að FÍA haldi þessari túlkun fram gegn betri vitund. FÍA heldur framangreindri túlkun fram á grundvelli þess að félagið telur félagsmenn sína eiga forgang að umræddum stöðugildum hjá Bláfugli, stöðugildum sem eru ekki til staðar.

Bláfugl virðir kjarasamninga sem í gildi eru líkt og alltaf hefur verið. Niðurstaða Félagsdóms tekur ekki á nokkurn hátt til brota á kjarasamningi. Dómkröfum FÍA sem byggðu á sjónarmiðum um gerviverktöku var vísað frá dómi og í forsendum dómsins var slíkum sjónarmiðum hafnað. Bæði í niðurstöðu meirihluta sem og tveimur sérákvæðum, en dómurinn þríklofnaði í niðurstöðu sinni.

Bláfugl hefur ekki ráðið flugmenn í störf hjá félaginu frá því fyrir þann tíma sem kjarasamningur FÍA féll úr gildi. Bláfugl á engin viðskipti við starfsmannaleigu. Bláfugl á viðskipti við vinnumiðlanir og er ekki eina flugfélagið á Íslandi sem á viðskipti við erlendar vinnumiðlanir vegna flugstétta.

Ekkert í dómi Félagsdóms lagði kvaðir eða skyldur á herðar Bláfugls ehf. eða Samtök atvinnulífsins. Þeir félagsmenn FÍA sem sagt var upp eiga **ekki rétt til endurráðningar** en geta eftir atvikum krafist skaðabóta.

Vinnumálastofnun (VMST) hefur í tvígang, 2015 og á vormánuðum 2021 skoðað rekstur Bláfugls með tilliti til þeirra alvarlega ásakana sem FÍA hefur sett fram. Í bæði skiptin kemst VMST að þeirri niðurstöðu að ekkert sé aðfinnsluvert frá þeirra sjónarhóli við rekstur Bláfugls. Enda rekstur félagsins

í öllum meginatriðum eins frá stofnun félagsins 1999. Bláfugl er enda ekki eina flugfélagið á Íslandi sem nýtir sér þjónustu verktaka.

Telji FÍA eða nokkur annar að brotið sé gegn kjarasamningi er því stéttarfélagi hér eftir sem hingað til heimilt að leita til dómstóla, sem eru réttur úrskurðaraðili um slík atriði. Bláfugl ásamt SA vinnur við að fara yfir niðurstöðu Félagsdóm með það fyrir augum að kanna þá réttarfarslegu möguleika sem félaginu standa opnir.

Úrskurður Félagsdóms: <https://felagsdomur.is/domar-og-urskurdir/domur-urskurdur/?id=c7485067-b2fb-4b1c-8118-29e14efcbde0til>